

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Birni Jónssyni, Finnboga R. Valdimarssyni og Alfreð Gíslasyni lækni.

Á eftir 1. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (2. gr.) 23. gr. laganna falli niður.
2. (3. gr.) 25. gr. laganna falli niður.
3. (4. gr.) 26. gr. laganna falli niður.
4. (5. gr.) 31. gr. laganna orðist svo:

Af lánum, sem veitt eru eftir 1. janúar 1961, er bannað að taka hærri útlánsvexti en voru 1. janúar 1960. Frá sama tíma skulu vixilvextir lækka til samræmis við það.
5. (6. gr.) 32. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. janúar 1961 skulu vextir af afurðavíxlum framleiðsluatvinnuveganna eigi vera hærri en 3% fyrstu 6 mánuði, en ½% hærri, ef framlengdir eru. Seðlabankinn er skyldur að endurkaupa víxla vegna afurðalána, sem nemur 67% af áætluðu útflutningsverðmæti framleiðslunnar. Vextir seðlabankans af slíkum lánnum skulu vera 2%.
6. (7. gr.) 33. gr. laganna falli niður.
7. (8. gr.) Á eftir 33. gr. komi nýjar greinar undir nýrri kaflafyrirsögn (VI. kafli), og breytist tala kafla og greina samkv. því:
 - a. (34. gr.) Ríkisstjórnin skal hlúast til um, að öll flutningsgjöld íslenzkra skipa fyrir útfluttar framleiðsluvörur verði lækkuð frá 1. jan. 1961. Ríkisstjórnin ákveður þessa lækkuð nánar með reglugerð.
 - b. (35. gr.) Stofna skal ríkisvátryggingu, sem hafi með höndum vátryggingu á öllum fiskiskipastól landsmanna svo og allar vátryggingar, sem sjávarútvegurinn þarf að hafa, þar með talin vátrygging á framleiðsluvörum og veiðarfærum svo og ábyrgðartryggingar o. fl.

Skylt er að hafa allar tryggingar sjávarútvegsins hjá ríkistryggingunni, og skulu vátryggingar skipa og aðrar vátryggingar flytjast þangað, jafnóðum og þær losna samkv. núgildandi tryggingarsamningum, en þó eigi síðar en 1. júlí 1961.

Sjávarútvegsráðgjafar setur með reglugerð nánari ákvæði um þessa tryggingarstarfsemi, og er m. a. heimilt að ákveða, að innheimta skuli tiltekinn hundraðshluta af andvirði útfluttra sjávarafurða sem iðgjald.
 - c. (36. gr.) Frá 1. jan. 1961 skulu þær reglur gilda, að allir aðilar, sem hafa með höndum sölu á framleiðsluvörum úr landi, geri full gjaldeyrissskil fyrir útfluttar vörur innan eins mánaðar, frá því að varan sannanlega var flutt út. Sölufélögum og umboðsmönnum er skylt að gera fullnaðarskil á söluandvirðinu til framleiðenda eigi síðar en hálfum öðrum mánuði eftir að varan var flutt úr landi.

Brott gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum allt að 1000000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.